

SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnaleka

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 25. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Í kjölfar fréttu um gagnaleka í vefþjónustu sem starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa notað í einhverjum mæli, hefur fulltrúi Flokks fólksins áhuga á að vita hvort ekki sé lengur skannað eftir því hvaða hugbúnaður er notaður á tölvum Reykjavíkurborgar. Einnig vill fulltrúinn fá að vita hvort vitað sé hversu margir starfsmenn borgarinnar eru með stjórnandaréttindi á sínum tölvum og hvernig staðið er að því að úthluta þessum réttindum til að geta sett upp hvaða hugbúnað sem er á tölvum borgarinnar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. ágúst 2022.

Svar:

Í kjölfar fréttu um gagnaleka í vefþjónustu sem starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa notað í einhverjum mæli, hefur fulltrúi Flokks fólksins áhuga á að vita hvort ekki sé lengur skannað eftir því hvaða hugbúnaður er notaður á tölvum Reykjavíkurborgar.

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar (UTR) fylgist með þeim hugbúnaði sem uppsettur er á tölvum notenda borgarinnar í gegnum miðlæga hugbúnaðardeifingu á samþykktum hugbúnaði sem hefur verið keyptur í gegnum UTR. Einnig er fylgst með notkun á hugbúnaði og skýjaþjónustum í gegnum vefsíu borgarinnar og aðgangsstjórnunarkerfi borgarinnar (*Cisco Umbrella* og *Azure Active Directory*). Þetta á við alla upplýsingatækniinnviði sem eru í stýringu hjá UTR.

Almennt er mikil aukning í notkun skýjalausna eins og þeirri sem þessi fyrirspurn nær til sem m.a. starfsfólk Reykjavíkurborgar nýtir sér og hafa þær í flestum tilvikum enga tengingu við innri kerfi borgarinnar. Mikilvægt að halda því til haga að hver sem er getur skráð sig fyrir notendareikning með hvað gilda auðkenni sem er hjá frjálsum skýjaþjónustu samanber t.d. að stofna aðgang á samfélagsmiðlum.

Í einhverjum tilvikum hefur starfsfólk borgarinnar nýtt sér slíka þjónustu með @reykjavik.is auðkenninu sínu án aðkomu UTR, líkt og var í tilfelli fréttæfnis sem áheyrnarfulltrúi vísar til. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur uppgötvast hefur UTR bent á fyrirliggjandi reglur um tölvunotkun, þar sem fram kemur „að engar lausnir skuli vera teknar til notkunar án samþykkis og yfirferðar UTR“.



Einnig vill fulltrúinn fá að vita hvort vitað sé hversu margir starfsmenn borgarinnar eru með stjórnendaréttindi á sínum tölvum

Samkvæmt innri úttekt sem framkvæmd var í júní 2022 voru 133 notendur með stjórnendaréttindi á tölvur sínar.

Hvernig staðið er að því að úthluta þessum réttindum til að geta sett upp hvaða hugbúnað sem er á tölvum borgarinnar.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi þarf starfsfólk að sækja skriflega um stjórnendaréttindi og skýra út hvers vegna þörf er á þessum réttindum. Fyrirspurnin sendist til næsta yfirmanns sem hafnar eða heimilar réttindin til afgreiðslu hjá UTR. Í undirbúningi er nýtt fyrirkomulag sem stendur til að innleiða 1. október 2022, þá mun starfsólk óska rafrænt eftir að fá tímabundin stjórnendaréttindi í gegnum kerfið AdminByRequest til að framkvæma staka aðgerð. UTR rýnir beiðnina og ef heimild fæst þá eru réttindin veitt og skráð sjálfvirkt inn í kerfið vegna rekjanleika. Þannig verður auðveldlega hægt að rekja atvik ef uppákomur verða. Þeir notendur sem óska eftir möguleika á stjórnendaréttindum þurfa einnig að undirgangast frekari þjálfun í upplýsingaöryggi, en sú þjálfun verður veitt í gegnum Torgið, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Friðbjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar